Samstarfsaðilar

Að rannsókninni stendur hópur samstarfsaðila, alls um 50 manns. Þeir eru:

- Tíu fræðimenn úr mismunandi greinum menntavísinda af Menntavísindasviði Háskóla Íslands og frá Háskólanum á Akureyri.
- Starfsmenn frá Menntasviði Reykjavíkurborgar, Skóladeild Akureyrarbæjar, Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og sveitarfélagi á Vesturlandi, þ.m.t. starfsmenn í 20 grunnskólum (með alls um 1000 starfsmenn).
- Samtök kennara og foreldra.
- Sérfræðingar frá Arkitektastofunni Arkís og hugbúnaðarfyrirtækinu Mentor.
- Meistara- og doktorsnemar.
- Erlendir samstarfsaðilar.

Verkefnisstjórn

Stjórn verkefnisins skipa oddvitar þeirra teyma sem fjalla um hverja stoð, þau dr. Anna Kristín Sigurðardóttir formaður stjórnar, dr. Amalía Björnsdóttir, dr. Börkur Hansen, dr. Ingvar Sigurgeirsson, dr. Rúnar Sigþórsson og Sólveig Karvelsdóttir MA, auk verkefnisstjóra dr. Gerðar G. Óskarsdóttur.

Samráðshópur

Í samráðshópi eru verkefnisstjórnin og fulltrúar þátttökusveitarfélaga, félaga grunnskólakennara, samtaka foreldra og þátttökufyrirtækja, auk annarra háskólakennara sem standa að rannsókninni, alls um 20 manns.

Gæðarýnir

Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Aðsetur verkefnisins:
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
heimasíða: www.starfshaettir.hi.is

Nánari upplýsingar um rannsóknina veitir
dr. Gerður G. Óskarsdóttir, verkefnisstjóri
símar: 525 5901 og 899 3560
netfang: ggo@hi.is

Rannsóknin er styrkt af Rannsóknasjóði (Rannís)
og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Starfshættir í grunnskólum

Rannsóknarverkefni 2009–2011

Rannsóknin beinist að starfsháttum í grunnskólum. Leitast er við að varpa ljósi á námsumhverfi, nám nemenda, hlutverk kennara og skipulag innan skólans. Einnig eru skoðuð viðhorf nemenda, kennara, foreldra og stjórnenda til námsins og hlutur foreldra í námi barna sinna.

Rannsókn á starfsháttum í grunnskólum

Markmið

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að gefa yfirsýn yfir núverandi starfshætti í íslenskum grunnskólum með áherslu á þróun í átt til náms við hæfi hvers og eins. Niðurstöður rannsóknarinnar munu skapa forsendur fyrir þróunarstarfi á vegum sveitarfélaga og einstakra skóla, sem verið gæti undir handleiðslu rannsóknarhópsins. Niðurstöður mynda gagnasafn fyrir langtímarannsókn á þróun starfshátta í grunnskólum.

Framkvæmd

Líkan af þróun starfshátta í grunnskólum er lagt til grundvallar rannsókninni og myndar umgjörð um hana. Það byggist á matstæki um einstaklingsmiðað nám sem unnið var af hópi skólafólks í Reykjavík árið 2005.

Líkanið hvílir á sex stoðum sem skarast innbyrðis. Þær eru:

- **Skipulagsstoð:** Skipulag og stjórnun skólastarfs.
- **Námsumhverfisstoð:** Námsumhverfi innan skólastofunnar og í skólanum almennt.
- **Viðhorfastoð:** Viðhorf nemenda, kennara, stjórnenda og foreldra til náms.
- **Kennarastoð:** Hlutverk kennara og kennsluhættir.
- **Nemendastoð:** Viðfangsefni og nám nemenda.
- **Foreldra- og samfélagsstoð:** Þátttaka foreldra í skólastarfi og tengsl skóla við grenndarsamfélagið.

Gagna er aflað með vettvangsathugunum í 20 skólum, einstaklings- og rýnihópaviðtölum, spurningakönnunum, athugun á niðurstöðum samræmdra prófa og með því að kanna skrifleg gögn frá skólum og öðrum opinberum aðilum. Ennfremur er gert ráð fyrir að kennarar í þátttökuskólum geri starfendarannsóknir.

Rannsóknarspurningar

- *Hvernig eru starfshættir í íslenskum grunnskólum um þessar mundir, þ.e. hvernig er framkvæmd náms og kennslu með hliðsjón af líkani af þróun starfshátta í grunnskólum sem nær yfir skipulag og stjórnun, námsumhverfi, viðhorf og hlutverk kennara, nemenda og foreldra?*
- *Með hvaða hætti hefur starfsfólk skóla lagað nám og kennslu að breytingum í samfélaginu, þ.e. hvernig er skólinn sem varð til í iðnaðarsamfélaginu að breytast og laga sig að upplýsinga- og þekkingarsamfélaginu/sköpunarsamfélaginu?*
- *Eru tengsl á milli framkvæmdar afmarkaðra þátta í starfsháttum skóla og námsárangurs nemenda á samræmdum prófum?*
- *Hvernig birtist stefnumörkun ríkis, sveitarfélaga og kennarasamtaka í skólastarfi og að hvaða marki hafa spár um framtíðarskipan skólamála frá síðustu áratugum ræst?*

Gildi rannsóknarinnar

Rannsóknarverkefnið er þverfaglegt og unnið í nánu samstarfi hóps fræðimanna og aðila úr atvinnulífinu. Ráðgjöf um nýtingu niðurstaðna í þróunarstarfi er hluti af verkefninu. Fáar rannsóknir á starfsháttum í grunnskólum eru fyrirliggjandi hér á landi og varla neinar jafn víðtækar og þessi. Niðurstöður mynda gagnasafn sem nýst getur öðrum fræðimönnum. Líkan af þróun starfshátta í grunnskólum verður þróað áfram svo það nýtist skólum sem best við sjálfsmat og sem umgjörð um umbótastarf.